

## Skipulagslýsing deiliskipulags fyrir móttökusvæði jarðvegs í Norðurþingi

Skipulagslýsing þessi er í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Helstu viðfangsefni og áherslur

Deiliskipulag móttökusvæðis fyrir jarðveg. Svæðið er afmarkað með gulri brotinni línu á loftmynd. Svæðið er í landi Norðurþings og er staðsett norðan við bæinn. Svæðið er við veginn að Húsavíkurfjalli, ofan við Norðausturveg nr. 85 og iðnaðarsvæðið á Bakka. Svæðið er á jaðri skilgreinds þéttbýlis skv. Aðalskipulagi Norðurþings 2010 - 2030.

Stærð skipulagssvæðisins er 2,6 ha. Aðkoma að svæðinu er frá Norðausturvegi nr. 85.

Deiliskipulagið verður unnið af verkfræðistofunni EFLU. Stuðst verður við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulagsgerð.

Ráðgert er að nýta svæðið sem móttökusvæði fyrir jarðveg. Um er að ræða efni sem verður til við uppbyggingu á iðnaðarsvæðinu við Bakka. Eingöngu er tekið við moldarjarðvegi. Svæðið mun ekki taka við öðru efni.

Gert er ráð fyrir allt að 50.000 m<sup>3</sup> af jarðvegi á móttökusvæðinu.

Í deiliskipulagi verður gert ráð fyrir að moldarjarðvegurinn verði notaður til að móta landið og mun skýringarmynd af landmótuninni fylgja með deiliskipulaginu.

Við vinnslu deiliskipulagsins verða skoðuð helstu áhrif umhverfisþátta sem gætu haft áhrif á umhverfið, sbr. gr. 5.4.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.


### Fyrirliggjandi stefna og forsendur

Deiliskipulagstillagan er unnin á grundvelli aðalskipulags Norðurþings 2010-2030. Í aðal-skipulaginu er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Samhliða deiliskipulags-tillögunni verður unnin breyting á aðalskipulagi á umræddu svæði, þar sem skilgreiningu er breytt í efnistöku eða efnislosunarsvæði.


### Kynning og samráð

Skipulagslýsing þessi verður send Skipulagsstofnun til umsagnar. Einnig verður óskað umsagna frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra og Umhverfisstofnun.

Skipulagslýsingin verður auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins [www.nordurthing.is](http://www.nordurthing.is), á skrifstofu sveitarfélagsins og í Skránni. Almennungi gefst kostur á að kynna sér lýsingu á auglýsingatíma og koma með athugasemdir.



Afmörkun skipulags, mkv. 1:1.000



Úr Aðalskipulagi Norðurbyggðar 2010 - 2030

### Fyrirhugað skipulagsferli

Drög að skipulagsferli og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

Október 2014	Skipulagslýsing send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Október 2014	Skipulagslýsing auglýst á heimasíðu Norðurþings skv. 3 mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Nóvember 2014	Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar á deiliskipulagstillögu skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Nóvember 2014	Forkynning deiliskipulagstillögu skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Nóvember/desember 2014	Deiliskipulagstillagan tekin fyrir í bæjarstjórn og heimild veitt til auglýsingar skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Febrúar 2015	Samþykkt deiliskipulags í skipulags- og byggingarnefnd og bæjarstjórn skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Febrúar 2015	Samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun innan átta vikna frá afgreiðslu sveitarstjórnar skv. 1. mgr. 42 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Mars 2015	Gildistaka deiliskipulagsins auglýst í B-deild Stjórnartíðinda skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### SAMÞYKKTIR

Skipulags- og matslýsing þessi var samþykkt í Skipulags- og byggingarnefnd:

þann ..... 2014

Bæjarstjórn:

þann ..... 2014

Tillagan var auglýst frá ..... 2014

með athugasemdafresti til ..... 2014

NORÐURÞING



MÓTTÖKUSVÆÐI JARÐVEGS  
SKIPULAGSLÝSING

Skipulagslýsing			Útgáfa
			002
Skipulagslýsing.dgn	Maðkvæði	Búðstærð	Tekning nr.
		A3	001
Umið byr:	Dag:	10.09.2014	Tekning af:
Norðurþing			ÞRS

 **EFLA** VERKFRÆÐISTOFA